Markaðspunktar í dag:

- Spáum 50 punkta lækkun vaxta
- Vaxtaværntingar lækka

Vaxtaværntingar lækka

Frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi (27. jan.) hafa vaxtaværntingar markaðsaðila lækkað. Í lok janúar voru vextir til eins árs á skuldabréfamarkaði 7,3% – í dag hafa vextir til eins árs hinsvegar lækkað niður í 6,5%. Þrátt fyrir lækkandi vaxtaværntingar mætti segja að markaðsaðilar séu svartsýnir samanborið við síðasta vaxtalækkunarferli á árunum 2001-2003 þegar vextir fóru lægst í 5,4%. Í núverandi vaxtalækkunarferli gerum við þó ekki ráð fyrir að vextir fari mikið lægra en 6% ef marka má nýleg ummæli Seðlabankastjóra (umfjöllun hér að ofan).



Ef við til einföldunar gerum ráð fyrir að stýrivextir lækki um 50 punkta á næstu fundum sem hafa verið settir þá verða vextir komnir í 6% á 3F 2010. Hér að neðan gerum við ráð fyrir að vextir haldist á því stigi út árið 2011 en fikri sig síðan nær framvirkum vöxtum (um það má svo deila hvort 6% vextir séu líklegt vaxtastig ef gjaldeyrishöftum verður aflétt á tímabilinu).



Greiningardeild hefur búið til vaxtaferil út frá forsendum hér að ofan sem miða við spá um innlánsvexti fram til ársins 2012, en eftir þann tíma eru vextirnir látnir fylgja framvirkum vöxtum út binditímann. Vaxtaferillinn byggist þannig á forsendum um uppsafnað meðaltal innlánsvaxta og á því að endurspegla fórnarkostnað fjárfesta.

Eins og sést á neðangreindri mynd hefur ríkisbréfaferillinn færst nær okkar vaxtaferli frá því í lok janúar, þannig liggur lengri endinn nálægt vaxtaferli Greiningardeildar (sem er e.t.v. ekki algjörlega óvænt í ljósi þess að framvirkir vextir vigta þyngra í lengri endanum en í þeim styttri eins og ferill okkar er samsettur sbr. umfjöllun að ofan). Aftur á móti liggja **RIKB11 og RIKB13 fyrir ofan vaxtaferil Greiningardeildar**.

Almennt er áhættuálag á ríkisbréfum (t.d. framboðsálag og bindiáhættuálag, þ.e. áhætta við að festa pening í skuldabréfum vegna óvissu um vexti og verðbólgu) sem gæti skýrt mismun á ríkisbréfaferlinum og vaxtaferli Greiningardeildar að einhverju leyti. Hins vegar er álagið almennt hærra eftir því sem flokkarnir eru lengri.



Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6964
Þórhallur Ásbjörnsson	thorhallur.asbjornsson@arionbanki.is	444-6967

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Jónsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is